

## Almannatengsl og NA félaginn

Að bera boðsskap NA hefur reynst mörgum félögum NA mikilvægur þáttur í batanum og hefur hjálpað sumum okkar að uppgötvu og þróa eigin hæfni. NA boðskapur batans getur náð til margra með þínum stuðningi. Það að vera hluti af AT nefnd gefur þér færri á að stuðla að jákvæðum breytingum í lífi annarra.

### Hvað eru Almannatengsl?

Hlutverk Almannatengslanefndar er að tryggja það að skýrar og nákvæmar upplýsingar um NA séu aðgengilegar fyrir almennинг. Krafan um upplýsingar er varða félagskap okkar er meiri nú en nokkru sinni fyrr. Það að vera hluti af nefnd sem gerir fíklum sem enn þjást, kleift að verða hluti af okkar félagsskap, er verðlaunandi reynsla sem ekki er hægt að lýsa með orðum. Slíkt er aðeins hægt að upplifa.

### Hver er ábyrgð NA félagans?

Við verðum að bera ábyrgð á hegðun okkar innan um almenning, þegar við kynnum okkur sem félaga NA samtakanna. Þetta er eitt form tengsla okkar við almenning. Hvert og eitt okkar getur verið fulltrúi NA í augum þeirra sem eru ekki kunnugir prógrómmi okkar. Hvernig við umgöngumst þær stofnanir sem hýsa fundi okkar og uppákomur, hefur einnig áhrif á hvernig almenningu sér NA í heild sinni.

Annað form á tengslum okkar við almenningu myndast þegar beiðni berst um nánari upplýsingar og kynningu á Narcotics Anonymous. Þegar slík beiðni berst, ætti að hafa samband við einhvern meðlim AT nefndar. Ef ekki næst í neinn meðlim nefndarinnar, ætti að framsenda beiðnina til svæðisþjónustufulltrúa (SPF) eða formanns Svæðisþjónustu. Við meðhöndlum beiðnir

á þennan hátt, því hver einasta beiðni verð-skuldar tafarlausa og viðeigandi athygli. Þegar þú ert beðinn um að verða við slíkni ósk, mundu þá að þetta er ekki persónuleg beiðni, heldur beiðni sem varðar Narcotics Anonymous í heild sinni.

### Hvert er mikilvægi nafnleyndarinnar?

Þetta er "við" prógrómm, og frammi fyrir almenningu, er hugtakið "ég get ekki, en við getum" lífsnauðsynlegt. Andlegar megin-reglur nafnleysis er hægt að skaða ógurlega, ef meðlimir okkar bregðast við upp á eigin spýtur.

Við gefum ekki upp föðurnöfn okkar né komum við fram í fjlömiðlum sem meðlimir Narcotics Anonymous. Hluti af andlegu prógrómmi bata okkar, krefst þess að við forðumst sjálfsviðurkenningu, í stað þess þjónum við af stakri auðmýkt. Reynslan hefur kennt okkur, að þeir meðlimir sem verða "fjlömiðlast-jörnur" í tengslum við félagsskap NA leggja andlegan grunn bata síns í hættu, jafnhlíða því sem þeir gefa almenningu óljósa mynd af bataleið innan NA.

### Hvernig taka félagar þátt?

Hver og einn félagi spilar hluterk innan nefnda almannatengsla. AT metur og þarf á innleggi þínu að halda, tillögum, mótsvari og þáttöku. Við bjóðum þig velkominn á nefndarfundi AT. Líkt og flestar þjónustu-nefndir, þarfnað AT ávallt fúsra handa og huga.

### Hvernig er starfið unnið?

Hópar koma oft saman til að koma Svæðisþjónustu (S.P) á laggirnar. Almannatengslanefndir eru skipaðar af Svæðisþjónustu. AT nefndin tekur við upplýsingabeiðnum úr mörgum áttum, t.d. frá einstaklingum, stofnunum og fjlömiðlum.

Nokkrar leiðir til að koma upplýsingum á framfæri til almennings eru:

1. Að bregðast við beiðnum um ræðumenn fyrir kirkjur, skóla, sveitarfélög og fjölmíðla.
2. Að hanna og dreifa upplýsingaritum, dreifibréfum og öðrum tilkynningum er varða almenning; til að upplýsa almenning hvernig að komast í samband við okkur.
3. Námskeið og lærðómssmiðjur.
4. Póstlagning fundarskráa, veggspjalda og bæklinga til þeirra sem eiga samskipti við fíkla.
5. Samstarf við nefnd Sjúkrahúsa og Stofnanna vegna verkefna sem skarast.
6. Í þeim tilfellum sem hvorki símalína né þjónustuskrifstofa er starfrækt, kann Almannatengslanefnd að vera ábyrg fyrir að reka símalínu.

Til að taka þátt í einhverjum af ofangreindum verkefnum, talaðu þá við svæðisþjónustufulltrúa eða einn af meðlimum Almannatengslanefndar í þínu bæjarfélagi. Við getum ekki haldið því sem við höfum öðlast, nema við gefum það áfram. Almannatengslanefnd gerir okkur einmitt kleift að gera það.



Narcotics Anonymous®

IP Nr. 15-IS

# AT og NA félaginn

Copyright © 2005 by  
Narcotics Anonymous World Services, Inc.  
Allur réttur áskilinn

World Service Office  
PO Box 9999  
Van Nuys, CA 91409 USA  
Tel. (818) 773-9999  
Fax (818) 700-0700  
Website: [www.na.org](http://www.na.org)

World Service Office—EUROPE  
48 Rue de l'Eté  
B-1050 Brussels, Belgium  
Tel. +32/2/646-6012  
Fax +32/2/649-9239

World Service Office—CANADA  
150 Britannia Rd. E. Unit 21  
Mississauga, Ontario, L4Z 2A4, Canada  
Tel. (905) 507-0100  
Fax (905) 507-0101



Þessi þyðing á lesefni hefur hlutið samþykki  
NA samtakanna.

Narcotics Anonymous, , , og The NA Way  
eru skráð vörumerki

Narcotics Anonymous World Services, Incorporated.

ISBN 1-55776-659-2

Icelandic

11/05

WSO Catalog Item No. IS-3115